



Saga Fiskverkunar Arneyjar í Sandgerði



Formáli.

Það var eitthvað eða einhver sem ýtti við þeirri löngun minni að skrifa sögu tveggja ungra manna og konu sem tóku ákvörðun um að stofna útgerð. Þetta voru, Dagur Ingimundarson (28 ára) og hjónin Óskar Karl Þórhallsson (32 ára) og Elísabet María Jóhannesdóttir (31 árs), seinna meir bættist Sigurveig Jóhannsdóttir við, þegar hún varð eiginkona Dags.

Það yrði synd ef þessi saga myndi falla algerlega í gleyskunnar dá án þess að til væru ritaðar heimildir um sögu þeirra. Þessi saga er að mörgu leiti sérstök þar sem 3 einstaklingar hefja rekstur saman án þess að hafa þekkt lengi og reksturinn varð eins farsæll og raun bar vitni.

Ég hef hugsað mér að skrifa söguna út frá mínu sjónarhorni því mun oft koma fram mamma eða pabbi í sögunni. Ég starfaði lengi hjá útgerðinni bæði til sjós og lands og tel mig þekkja söguna þokkalega vel. En málið er að ég er enginn rithöfundur og því var þetta að gerjast hjá mér í mörg ár.

Ég setti upp lista með nokkrum spurningum sem ég síðan lagði fyrir pabba og Dag.

Ég var svo heppinn því ég náði að eiga gott spjall við pabba áður er parkison sjúkdómurinn rændi hann málinu, þannig að ég fékk heilmiklar upplýsingar hjá karlinum. Áttum við notalega, skemmtilega og fræðandi stund saman við að rifja upp söguna í sælureitnum hans við Álftarvatn árið 2016.

Haustið 2022 og 2023 sótti ég heim góðvin minn Dag Ingimundar og rakti úr honum garnirnar, það var einnig mjög skemmtilegt og fræðandi. Dagur er minnugur á hlutina og því ekkert mál að fá mikið af haldgóðum upplýsingum. Þið sjáið að ég hef lengi verið með þessa sögu í maganum.

Það kom mér gríðarlega á óvart hversu tímafrek svona heimildaöflun er. Þær eru ófáar klukkustundirnar sem ég hef setið við skjáinn og leitað að greinum og upplýsingum á alnetinu. Einnig hef ég nýtt mér það að ræða málin við menn sem ég hef hitt á förnunum vegi og ég veit að þekktu til. Eitthvað gæti samt uppsetning og ártöl hafa skolast til og sögur kannski færðar í stílinn til að gera þær skemmtilegri eða minni mitt gloppótt. En góð saga á aldrei að líða fyrir skort á sannleiksgildi.

Það er ósk mín að þið lesendur góðir njótið sögu Fiskverkunar Arneyjar en undir því nafni gekk útgerðin þar til einkahlutafélagið Arney ehf var stofnað.

Upphaf Fiskverkunar Arneyjar.

Það var einhvern tímann á árunum 1970 til 1972 sem Jónas Ingimundarson (Jónas) bróðir Dags stakk upp á að þeir félagarnir Dagur, pabbi og hann sjálfur færu í útgerð. Jónas var þá verkstjóri hjá Margeiri Jónssyni í Röstinni hf, en Dagur verkstjóri í fiskverkuninni hjá Brynjari Vilmundarsyni. Pabbi hafði verið skipstjóri á Árna Geir KE, sem var í eigu Brynjars.



Dagur lengst til vinstri og Brynjar lengst til hægri í verkun Brynjars.

Seinna meir segir sagan að Brynjar hafi haldið því fram að Óskar á Arney hafi gert sig ríkan því þá fyrst hafi bátar hans farið að fiska. Við Dagur erum ekki vissir hvort pabbi hafi verið skipstjóri á Venus GK eða unnið á Netaverkstæði Suðurnesja þegar þeir ákváðu að fara saman í útgerðina. Höllumst samt helst að því að hann hafi verið á netaverkstæðinu.

Það var svo haustið 1972 sem ákveðið var að hefja leit að báti og hefja útgerð en þá hættir Jónas bróðir Dags við og eftir stóðu pabbi, mamma og Dagur.

Útgerðin gekk undir nafninu Fiskverkun Arneyjar og var rekin á kennitölu Dags. Nafnið kom eitthvað seinna eða eftir að þau fóru að verka fisk. Það var ekki óalgengt á þessum tíma að svona útgerðir væru reknar sem einstaklingar í atvinnurekstri en ekki sem hlutarfélög eða eignarhaldsfélög.



Ekki man ég til þess að rétt hafi verið um það heima að mamma, pabbi og Dagur væru að hugsa um að stofna útgerð. Bara einn daginn eru þau búin að stofna útgerð og kaupa bát og Dagur orðinn einn af heimilisfólkinu spilandi bobb og spjalla við okkur krakkana en þannig upplifði ég það í upphafi. Hef ég verið þakklátur fyrir það allar götur síðan að Dagur hafi komið inn líf okkar.

Stofnendur útgerðarinnar.

Óskar Karl Þórhallsson var fæddur á Húsavík 4. ágúst 1940. Sonur hjónanna Þórhalls Karlssonar skipstjóra og útgerðarmanns frá Húsavík og Hrefnu Bjarnadóttur frá Stapadal í Arnarfirði.

Elisabet María Jóhannsdóttir var fædd á Akureyri 10. janúar 1941 dóttir Jóhanns Björgvins Jóhannssonar frá Akureyri og Sveinbjargar Sigurðardóttur frá Hvammi í Laxárdal bak Langadal í A-Húnavallasýslu.

Dagur Ingimundarson er fæddur á Ströndum 21. apríl 1944 sonur Ingimundar Magnússonar sjómanns og bónda frá Ásmundarnesi og Njólu Dagsdóttur frá Ósi í Strandarsýslu



Fyrsti báturinn

Í upphafi voru það tveir bátar sem þeir félagar skoðuðu, stálbáturinn Skírnir AK-12



Skipaskrárnúmer 191

Kallmerki TF-UX

Smíðaður úr stáli í Noregi 1960

Brúttótonn: 149 Brt

Vél: Wichmann 400

Þessi bátur átti eftir að koma við sögu sem Skúmur GK þegar hann bjargaði mið Arney.

Komum að því síðar.



Trébáturinn Arney SH-2

Skipaskrárnúmer 1096

Kallmerki TF-GG

Smíðaður úr eik og fura í Hafnarfirði 1969

Brúttótonn: 132 Brt

Lengd: 27,3 m

Breidd: 6,85 m

Djúprista: 3,17

Vél: Wichmann 400 hestöfl framleidd 1953

Eigendaskipti 21.9.1973

Það var 22.12.1972 sem þessir eldhugar festu kaup á sínum fyrsta báti. Fyrir valinu varð trébátur frá Stykkishólmi sem bar nafnið Arney SH-2. Aðalástæða þess að Arney SH varð fyrir valinu var að á henni hvíldu miklar skuldir og því þurftu þau ekki að taka lán heldur yfirtóku lánin.

Arney var byggð í Hafnarfirði og var fullkláruð 3.3.1970. Mig minnir að kjölurinn hafi verið lagður (smíði hafin) 7 árum áður. Sú staðreynd að báturinn hafi verið svona lengi í smíðum var oft nefnd þegar talið barst að þessum báti. "Er þetta ekki báturinn sem var svo mörg ár í smíðum?" var ekki óalgeng spurning. Arney SH var sótt í Hafnarfjörð þar sem hún var í slipp hjá Skipasmíðastöðinni Dröfn þar sem hún var byggð. Henni var siglt heim til Keflavíkur rétt fyrir jól 1972.

Nafnið og einkennistafirnir komu ekki strax á bátinn því í þá daga mátti ekki skipta um nafn og númer nema afsalið væri klárt og það kom ekki fyrr en haustið 1973. Fram að því voru hin ýmsu nöfn nefnd. Pabbi stakk meðal annars upp á nafninu Karl Einarsson í höfuðið á afa sínum.

En sagan segir að sumarið 1973 hafi þeir félagar hitt gamlan mann úr Stykkishólmi sem sagði þeim að þeir ættu alls ekki að skipta um nafn á bátinum því Arney gæfi alltaf góðan dún. Þar með var afráðið að halda nafninu Arney.

Sem er þó nokkuð merkilegt því eyjan Arney sem báturinn er nefndur eftir er í innanverðum Breiðafirði og þangað eiga þau enga tengingu né rætur. Pabbi frá Húsavík, mamma frá Akureyri og Dagur úr Bjarnafirði á Ströndum

Einkennisstafirnir KE-50 urðu fyrir valinu þar sem KE-59 var upptekið en sú tala er svona fjölskyldutala frá afa Þórhalli Karlssyni.

Einkaleyfi var fengið á nafninu Arney svo enginn annar bátur gæti borið þetta nafn.

Á þessum báti voru meðal annars stundaðar netaveiðar, loðnuveiðar í nótt, síldveiðar í reknet, fiskitroll og gott ef ekki var líka farið á Haukalóð (stórlúðuveiðar). Einnig var siglt með afla á erlendan markað.



Eyjan Arney NNA af Stykkishólmi.



Á loftin í þessari skemmu var veiðarfærageymslan. Frystihús Óla Sól á bakvið.

Gerður var samningur við Ólaf Sólíman um kaup á aflanum og afnot af veiðarfærageymslu. Óli Sól rak fiskverkun þar sem nú er Park Inn hótél ofarlega á Hafnargötunni. En eitthvað gekk erfiðlega að fá greitt fyrir aflann en það kom þó fyrir rest.

Veiðarfærageymslan var í langhúsi sem lá með Hafnargötunni. Ég man að ég sat löngum stundum með Degi upp á veiðarfæraloftinu að mála línu á netahringina svo þeir þekktust frá öðrum hringjum því margir bátar voru með aðstöðu á loftinu. Þar var einnig mikið af glerkúlum í tjöruneti sem við krakkarnir máttum eiga og seldum Ameríkanum sem bjó á varnarsvæðinu (Beysnum) og þeir notuðu þær sem veggskraut.

Báturinn kom ekki með neinum veiðarfærum, samið hafði verið við Þórhall í Markó að útvega þeim net en hann sveik þau um netin. Það stefndi allt í óefni því ekki er hægt að róa til fiskjar án veiðarfæra. Þeim til bjargar kom Guðmundur Ingi Guðmundsson á Huganum VE og lét þau hafa net svo hægt væri að hefja róðra. Netin voru lögð meðal annars við Vestmannaeyjar því fiskurinn virtist sækja í hitann frá eldgosinu. Það var mikið af bátum á svæðinu og oftast þoka. Dagur minntist á að radarinn hafi verið mjög lélegur og því var ákveðið að kaupa nýjan radar frekar en nýjan ísskáp á Hringbrautina heimili okkar. Það var bara þannig að útgerðin var látin ganga fyrir fyrstu árin. Einnig var píanóið selt svo heimilisfólkið fengi eitthvað að borða. Því naumt var skammtað til heimilisins á þessum upphafsárum útgerðarinnar. Við minnumst þess oft systkinin að mamma útbjó bollur úr hakki og ýsu sem kölluðust hálfvitabollur. Ýsan var notuð til að drýgja hakkið því hún var frí. Finasti helgarmatur. Einnig má nefna að á þessum árum var Dagur einn og þurfti ekki mikið umfram fæði og húsaskjól. Þannig að hann þáði lítil laun frá útgerðinni. Kannski einn pakka af FAUNA vindlingum á dag. Pabbi minntist oft á það hversu mikið það hafi hjálpað útgerðinni að Dagur var þurftarlítill á fé.

Einhverju sinni þá fór ég með pabba upp á Skaga að sækja bátinn úr slipp hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. Þar hafði hann verið til viðgerðar og viðhalds. Við fórum á skrifstofuna til þess að leysa bátinn út. Ég man eins og gerst hafi í gær þegar stúlkan á skrifstofunni spurði pabba hvernig hann ætlaði að borga fyrir viðgerðina. Pabbi spurði hver er upphæðin? Stúlkan svaraði ein miljón og eitt hundrað þúsund krónur (fyrir myntbreytingu). Ég skrifa bara ávísun sagði pabbi þá. Ég var aðeins farinn að fatta að það þyrfti að vera eitthvað til af peningum á bakvið ávísun. Þannig að ég hnippiti í pabba og spyrr hann hvort hann ætti virkilega svona mikla peninga. Svipurinn á stúlkunni varð eitthvað skritinn við þessa spurningu hjá mér. Pabbi minntist oft á þetta atvik við mig og fleiri aðila.

Fyrsta verkunin.

Í apríl 1974 leigja þau fiskverkunarhús af Jóni Karlssyni sem staðsett var nálægt Brynjólfi hf í Innri-Njarðvík. Það hús hýsti áður Dráttarbraut Eggerts Jónssonar. Þar hefja þau skreiðarverkun og taka dauð blóðgaða fiskinn, hausa hann, slægja og spyrða. En lifandi blóðgaði fiskurinn var áfram seldur Óla Sól. Fiskurinn var allur handhausaður. Á þessum tíma voru þeir félagar báðir um borð og réru annan daginn og verkuð hinn daginn. Ég man að við sátum oft fyrir framan sjónvarpið á kvöldin heima á Hringbrautinni og hnýttum spyrðubönd. Fiskurinn var hengdur upp í hjalla í eigu Brynjars Vilmundar eða Margeirs Jónssonar í Röstinni (hér greinir þeim á félögum). Hjallarnir voru staðsettir fyrir ofan Keflavík þar sem nú eru Norðurvellir, en þar áttu þeir Brynjar og Margeir stórar skreiðar skemmur.



Í lágreista húsinu hægra megin hófst verkunin.



Skreiðar skemmurnar fyrir ofan Keflavík

17. júní 1974 er skreiðin tekin í hús og geymd í skemmunni hans Brynjars Vilmundar. Dagur sagði að skreiðin hafi verið úrvals vara því þurrkunin hafi heppnast fullkomlega. Um haustið er skreiðin send út en ekkert fékkst greitt og allt í veseni þess vegna. Það er í raun ótrúlegt að þau hafi haldið út þetta tímabil í sögu útgerðarinnar þar sem róðurinn var mjög þungur vegna þess að ekkert fékkst greitt fyrir skreiðina.

Sumarið 1974 fór Arney á salt. Það er að segja að fiskurinn er hausaður, slægður og handflattur um borð og svo stæðusaltaður í lestinni. Svo þurfti að umsalta eftir ákveðinn tíma. Þetta hefur verið þrælavinna á ekki stærri bát. Það var mikill ís þetta sumar sem torveldi veiðarnar.



Arney sumarið 1974 á salti.

Dagur var frá upphafi vélstjóri á Arney KE en fór í land þegar þau hófu skreiðarverkun í apríl 1974. Hann leysti svo af um sumarið á saltinu og aftur haustið 1974 og 75 þegar siglt var með afla á erlendan markað, sennilega Grimsby eða Hull. Dagur sagði það leiðinlegasta sem hann hafi gert um ævina væri siglingar. Þetta er í eina skiptið sem ég hef heyrt Dag tala um að vinna væri leiðinleg.

Árið 1975 hófust síldveiðar aftur eftir langt veiðibann þegar reknetin voru leyfð. Arney KE fór til reknetaveiða þá um haustið. Veiðarnar gengu ljómandi vel í alla staði og afkoman góð. Síldarverð var mjög hátt vegna aflabrest undanfarinna ára og eftirsóknin mikil í aflann.

Strandgata 16 Sandgerði.

Það er sennilega haustið 1974 sem þau taka á leigu fiskhús sem stóð við Strandgötu 16 í Sandgerði, húsið var í eigu Jóns Ólafssonar skólastjóra í Garði.



Hófu þau að verka fisk í húsinu sem var mjög fátæklegt af nútíma tækjum. Þau byrjuðu á að kaupa hausara (vél sem sker hausinn af fiskinum) frá Oddgeir og Ása í Keflavík en þeir smíðuðu og seldu mikið af hausurum vítt og breitt um landið. Annars var verkunaraðferðin þannig, fiskinum var fyrst lyft upp á hausarann (goggaður) og þar næst hausaður, slægður, handflattur settur í þvottakar sem var handvirkt.



Síðan var flattur fiskurinn fluttur í hinn enda hússins í hjólbörum þar sem hann var saltaður í stæður. Hafði pabbi oft á orði að hann Óli Sólmundar hafi verið einn í því að skola fiskinn, færa hann í hjólbörunum í stæðuna og salta hann, þrátt fyrir að vera aðeins 15 ára, hafði hann vel undan. Síðan var fiskurinn umsaltaður að minnsta kosti tvisvar sinnum. Umsöltun á saltfiski í stæðum var erfið vinna, því bogra þurfti og róta eftir fiskinum í þungu saltinu. Einnig þurfti að moka þungu umframsaltinu úr stæðunum. Þessi vinna var gríðarlega erfið og lýjandi.

Þegar fiskurinn var tilbúinn til útflutnings var honum pakkað. Pakkinn samanstóð af 50 kg af fiski + yfirvigt og salt samanlagt 57 kg. Síðan var pakkinn bundinn saman með bandi og saumað utan um hann strigi sem merktur var gæðaflokki og framleiðanda. Eftir það var pakkinn borinn á höndum þvert yfir húsið og settur á stór og þung bretti. Ég var tæplega 12 ára þegar ég byrjaði að bera slíka pakka. Oft var pakkað yfir 300 pökkum á dag þannig að hamagangurinn var mikill.

Matsmaðurinn var nær alltaf Jónas Gunnar Ingimundarson (Jonni) bróðir Dags. Það myndaðist alltaf svo mikil stemming þegar fiskinum var pakkað.

Á vetrarvertíðum var oft mikil vinna. Ekki var óalgengt að unnið væri frá 8 á morgnana til miðnættis 6 daga vikunnar og einungis til 7 á sunnudögum yfir há vertíðina. Gat þetta staðið í nokkrar vikur í röð.

Síðar var fjárfest vörubíl sem nefndur var Eilífur, ef ég man rétt þá var hann samansettur af Scania Vabis og Volvo. Bíllinn var keyptur frá Þverá í Öxarfirði af Kristjáni Benediktssyni bónda. En í fyllingu tímans höfðu sex af níu börnum hans verið áhafnarmedlimir á Arney í lengri eða skemmri tíma.



Þarna er Dagur tilbúinn að láta hífa Eilíf upp á bryggju aftur þar sem bremsurnar virkuðu ekki þegar pabbi ætlaði að bremsa aflann fram á bílinn. Á hinni myndinni eru þeir Bjarkar og Habbi.

Á þessum tíma og allar götur á meðan Sveinbjörn Berentsson vörubílstjóri í Sandgerði var með vörubílaútgerð þá vann hann mikið fyrir verkunina. Trúnaðurinn við þau var svo mikill að hann hætti oft vinnu fyrir aðra þegar hann sá að Arney var að koma í land.

Næst keyptu þau dísel lyftara sem sótaði ógurlega þannig að húsið var mettað af sóti og dísel reyk. Gekk þessi lyftari alltaf undir nafninu Sóti. Svo koma stór og þung stálkör til sögunnar þegar Sóti er mættur og það létti lífið aðeins þó svo að nef og lungu væru full af sóti.

Árið 1976 sækja þau um leyfi til byggingar á fiskvinnsluhúsi í Keflavíkurkaupstað, sama gerðu þrír aðrir útgerðaraðilar. Allir fengu neitun um byggingu fiskhúss því ekki var gert ráð fyrir aukinni fiskvinnslu í Keflavíkurkaupstað. Þess vegna héldu þau áfram fiskverkun og útgerð í Sandgerði. Einn annar verkandi fór í Sandgerð sá þriðji í Njarðvík og sá fjórði í Grindavík.

Strandgata 20 Sandgerði.

Árið 1976 var fiskverkunarhús að Strandgötu 20 í Sandgerði keypt. Seljandi var Eyri hf í eigu þeirra bræðra Einars, Þórhalls og Guðjóns Gíslasona. Í kaupsamningi var hver hlutur talinn upp, 1 stk hús, 1 stk Volvo vörubíll, 4 stk hjólbörur, 5 skóflur, 1 stk hverfisteinn og svo framvegis.



Verkunaraðferðir voru nánast þær sömu og á fyrri staðnum fyrst til að byrja með, nema að vegalengdir sem bera eða færa þurfti fiskinn urðu meiri. En öll aðstaða varð rýmri. Allur fiskur sem kom í húsið var sturtað af vörubílsþalli inn um stóra lúgu á hlið hússins og í stúur. Þetta þætti ekki góð meðferð á hráefni í dag. Það var alltaf frá upphafi hugsað vel um hráefni og verkun aflans.

Verkað var bæði í saltfisk og skreið. Hjallar til að þurrka skreiðina voru byggðir upp á miðri Miðnesheiði. Á þessum reit var Brynjar Vilmundar einnig með sína hjalla. Þarna eyddi maður löngum stundum við að smíða hjalla og hengja upp á tröurnar. Síðan að skera niður spyrta fiskinn þegar hann var orðinn nægjanlega þurr. Vinnan við skreiðarhjallana var erfið og oft á tíðum vorum við mjög köld og blaut.



Árið 1976 er byggð skreiðarskemman sunnan við fiskhúsið. Skemman var smíðuð af Héðni hf og sagðist Dagur hafa farið í Héðinn og sagst þurfa svona hús og skemman var tilbúin eftir tvo mánuði. Þar var aðstaða til þess að verka og pakka skreiðinni eftir að hún hafði verið tekin niður úr hjöllunum.

Fyrst voru spyrðuböndin skorin af og skreiðinni hent upp á þurrkgrind og þar var hún þurrkuð betur með Master blásurum (Steinolíubrennurum). Þegar skreiðin var orðin þurr var hún metin í gæðaflokka.

Síðan sett inn í skreiðarpressu þar sem hún var pressuð saman í bagga og bundið utan um. Síðan var saumaður strigi utan um með merkingu framleiðanda og gæðaflokks. Þurrkaður var bæði hausskorinn fiskur og hausar sem þræddir voru upp á band.

Arney (1094) seld.

Árið 1977 er trébáturinn Arney KE-50 (1094) seldur norður á Húsavík og fær nafnið Jón Sör ÞH. Þá er lokið farsælli útgerð þessa báts án teljandi áfalla. En lengi vel var barátta við stýrisstamman sem var alltaf að rífa sig lausan. Festa þurfti hann minnst annað hvert ár. Loksins fannst hvað var að, kjölurinn aftur undir hæl (þar sem stýrið er fest að neðanverðu) var brotinn. Útbúin var stálskúffa sem boltuð var undir og utan um hælinn og fram á kjölinn, var þetta þá loksins til friðs. Ekki byrjaði útgerðin vel hjá nýjum eigendum því þegar þeir sóttu bátinn úr slipp á Akranesi þá hafði gleymst að setja olíu á stefnirörið (fóðring utan um skrúfuöxulinn) sem bráðnaði, þannig að allt varð stopp á miðjum Faxaflóa og úr var mikið vesen. Jón Sör var ekki lengi í útgerð og var seldur til Hríseyjar þar sem hann fékk nafnið Frosti II ÞH-220 síðar Eyrún EA-155. Seldur til Noregs 1995 þar sem hann var gerður út sem ferðaþjónustubátur. Fargað 2015.



Nýr bátur keyptur.

Arney KE-50 (1014)

Árið 1977 er Ársæll Sigurðsson GK-320 keyptur og fær hann nafnið Arney KE-50

Skipaskrárnúmer: 1014

Kallmerki: TF-BH

Smíðaður úr stáli í Brattvaag Noregi 1966

Brúttótonn: 195 Brt

Lengd: 34,64 m

Breidd: 6,75 m

Djúprista: 3,35 m

Vél: Stork Werkspoor Diesel 660 hestöfl árgærd 1966

Eigendaskipti 26.1.1978



Á þessum báti voru aðallega stundaðar netaveiðar, loðnu og síldveiðar í nótt, einnig veiðar með fiskitrolli, rækjutrolli, fiskilínu og veiðar á stórlúðu með haukalóð. Einnig var siglt með afla á erlendan markað bæði í Bretlandi og Þýskalandi. Oftast voru þessar siglingar farnar í desember mánuði og komið heim rétt fyrir jóla. Allra veðra von er á þessum árstíma og man ég eftir að við hrepptum gríðarlega vont veður á heimleiðinni frá Bremenhaven í Þýskalandi seint í desember 1978.

Þá var ég farþegi og með enga reynslu af sjómennsku. Ég hentist í tvígang úr kojunni og allt sem var aftur í skut fór af stað þar með talið mikið magn af málningu sem slettist út um allt. Aðkoman var vægast sagt eins og eftir sprengjuárás. Siglingar með afla voru farnar vegna þess að oft fékkst betra verð fyrir aflann og einnig til að sækja ódýrari aðföng fyrir útgerð og áhöfn.



Eitt sinn er siglt var til Bretlands með afla, þá er pabbi beðinn um að taka með sér hunda heim. Hundar þessir voru af sérstöku kyni sem ekki voru til á Íslandi. Allt átti að vera klappað og klárt með öll leyfi þegar heim yrði komið svo ekkert vesen yrði með innflutninginn. Þegar Sakarías Hjartarson tollvörður var búinn að tollafgreiða skipið og allt klárt þá minnir pabbi hann á hundana. Hundana hváir Sakarías, hvaða hunda? Pabbi segir honum hvernig í pottinn sé búið með hundana og Sakarías kyrrsetur skipið umsvifalaust. Pabbi sagði að þetta hafi verið í fyrsta og eina skiptið sem hann hafi farið í hundana. Hundarnir fóru til feðra sinna svo hægt væri að aflétta kyrrsetningu skipsins.

Árið 1978 var leyfi fengið til tilraunaveiða á sandsíli í botntroll (fiskitroll) og var aflinn samtals 1200 tonn. Árið eftir fengu tveir aðrir bátar leyfi en ekki Arney, man að pabbi var mjög óánægður með það því að hann taldi að þau hefðu átt að fá leyfi aftur á grundvelli fyrri reynslu og þekkingar. Hann sagði líka að þeir sem fengu leyfið hefðu ekki passað sig nægjanlega á seiðamagninu og því voru þessar veiðar ekki leyfðar meira.

Sjóeldi hf.

Þau voru alltaf að leita að einhverju sem gæti stutt við útgerðina ef í harðbakkann slægi. Þau komust í samband við þá félagu Jón Gunnlaugsson og Eyjólf Friðgeirsson sem þá vorum með tilraun á eldi í kvíum í Skógtjörn á Álftanesi.

Skemmtileg saga sem á að hafa gerst á Skógtjörn er svohljóðandi. Dagur var við annan mann á skektu við kvíarnar og þeir velta skektunni. Dagur fer á bólakaf en rauðköflotta húfan hans flaut á yfirborðinu. Degi skýtur aftur upp á yfirborðið beint í húfuna góðu og þurfti nánast ekkert að laga hana. Hvort sagan er sönn eða loginn skal ósagt látið.

Árið 1979 komu þau að stofnun Sjóeldi hf í Höfnum ásamt Jóni Gunnlaugssyni og hófu tilraunir með skiptieldi árið 1982. Stórseiði (sjógönguseiði) sem alin höfðu verið á landi voru sett í sjókvíar um vorið og alinn fram í lok ársins. Kvíarnar voru staðsettar inn í Djúpavogi í Ósabatnum nálægt Höfnum á Reykjanesi. Fyrst um sinn var notast við gamlan slöngubát með utanborðsmotor til að þjónusta kvíarnar og gefa fiskinum. Seinna lítinn plastbát, síðan lítil plasttrilla sem smíðuð var á Skagaströnd og nefnd Tumi. Einnig var keypt stór og mikil hakkavél sem notuð var til þess að búa til blautfóður. Fengin var fryst loðna af hafrannsóknarskipunum og rækjuskel frá rækjuverksmiðjunni í Sandgerði. Svo var ýmsum efnum bætt við þetta.



Oskar Þórhallsson, kona hans Elisabet Jóhannsdóttir, og sonur þeirra, Karl.



Frystihúsið sem Sjóeldi hefur fest kaup á, fyrir miðri mynd.



Margrét Friðgeir

Niðurskurður í Höfnum
Í gær var slátrað því sem eftir var af seðnum í lauslöndunni Sjóeldi hf. í Höfnum en tjórna-veiki kom upp í stöðinni fyrir okkurnu sínu og kannugt er og er óvissu með áframhaldandi rekstri. Myndirnar voru teknar þegar vatnið hafði verið hlýpt frá silfustu sláðakerinu og senn þá var við að hafa seðla upp til að flýta í bræðla.
Milljónatjón hefur orðið hjá stöðinni vegna þessara ástæðna.

Árið 1984 er gamalt frystihús í Höfnum keypt og þar var sett upp seiðaeldisstöð.

Á árunum 1983 og 1984 komu upp vandamál vegna hreisturslos og náðist ekki að framleiða það magn sem til stóð. Þegar nýrnaveiki kom upp haustið 1984 var öllum fiski slátrað.

Sjóeldi hf. keypti fyrstu úthafskví hér á landi af Bridgstone gerð, hún var sett út á Keflavík við Stakksfjörð í byrjun nóvember 1985. Togarinn Ólafur Jónsson GK var fenginn til að leggja út legufærin. Togarinn var í eigu Miðnes hf sem var komið inn í Sjóeldi hf sem hluthafi. Ekki gekk það áfallalaust þar sem togarinn fékk eitt legufærið í skrúfunu og minnstu munaði að hann ræki upp í fjöru. Fengu þau lánaðan bátalónsbát hjá Samherja hf til þess að þjónusta laxeldið á Keflavíkinni. Þegar Þorsteinn Már Baldvinsson var inntur eftir því hvaða nafn ætti að setja á bátinn sagði hann “Látið hann bara heita Jón”

Árið 1986 er keyptur fyrsti sérhannaði þjónustubátur fyrir fiskeldi á landinu og fékk hann nafnið Tumi II byggður úr áli.



Skipaskrárn: 1747

Kallmerki: 1747

Smíðaður úr áli Engi Noregi 1986

Brúttótonn: 5,52 Brt

Lengd: 8,68 m

Breidd: 3,51 m

Djúprista: 1,5 m

Vél: Valmet 81 hestöfl árg 1986

Eigendaskipti 7.5.1987

Í apríl 1987 keypti Sjóeldi hf. aðra eldiskví af sömu gerð, sú eldiskví var staðsett norður af Vogastapa inni á Stakksfirði og var fyrri eldiskvíin einnig flutt þangað í júní 1987.

Floteiningarnar í Bridgstone kvíunum voru samansettar úr 6 flotkrögum, sveigjanleg 12 metra gúmmíslanga fyllt með lofti og tveggja metra stálstykki sitt hvorum megin.

Kvíarnar áttu að þola 10 m ölduhæð en netpokarnir voru ekki með nægjanlega mikla fellingingu eða slaka í netinu. Pabbi sagði alltaf að það þyrfti að vera að lágmarki 50% felling líkt og er í síldar og loðnunótum til þess að þetta gengi upp. Pabbi sagði mér að tryggingarfélagin hafi ekki viljað tryggja kvíarnar nema eftir upphaflegu forskrift framleiðenda.

Í febrúar 1986 uppgötvaðist 15 metra löng rifa á 10 metra dýpi rétt undir blýteini. Þetta var fyrsta tjónið af fjórum sem urðu til á nákvæmlega sama hátt. Unnið var með framleiðendum við endurbætur á netpokanum en það var ekki fyrir en farið var að vinna með íslenskum sérfræðingum að komið var í veg fyrir þennan hönnunargalla á botni netpokans. Þá var settur sá slaki í netpokana eins og pabbi vildi. Á árunum 1985 og 1986 voru sett um 200.000 laxa- og regnbogasilungsseiði í kvíarnar. Mikill fjöldi þessara seiða slapp en einnig voru töluverð afföll af öðrum orsökum. Sjóeldi hætti starfsemi 1988 vegna endurtekinna áfalla sem höfðu átt sér stað í rekstrinum. Laxalón hf kaupir sjókvíarnar.

SJÓELDI GJALDÞROTA

Fiskeldisstöðin Sjóeldi h.f. í Höfnum hefur verið tekin til gjaldþrotskipta. Er búið að skipta bjóstóra en hann er Bjarni Ásgeirsson lögmaður. Talið er að skuldir fyrirtækisins nemi a.m.k. 40 milljónum króna. Eins og áður hefur komið fram hér í blaðinu hefur fyrirtækið orðið fyrir ýmsum áföllum undanfarnin ár. Upp hefur komið nýrna- og kyllaveikistífla í eldislasi og sjókvíarnar hafa rífað í þriðgang og þar með megnið af þeim fiski, er í þeim var, glatast.

Kvíar þessar, sem eru af Bridgestone-gerð, áttu að þola mjög mikla ölduhæð en stöðust í raun ekki helming þeirra ölduhæðar. Er því talið að seiði að verðmæti milli 17 og 18 milljóna króna hafi sloppið með þessum hætti. Stöð til á tímabili að fara jafnvel í málsókn vegna þessa en sökum þess hve kostnaðarsamt það yrði, hefur ekkert orðið af því.



Heiðarholt 20, Keflavík:
Ný 2ja herb. íbúð. Fullfrá-
gengin. Laus strax.
2.400.000

Heiðarholt 8, Keflavík:
Glæsileg 3ja herb. íbúð, nýj-
ar og vandaðar innrétting-
ar, hagstæð lán, svalir í suð-
ur 3.300.000

Þegar Sjóeldi hf fór í þrot var Miðnes hf í Sandgerði komið inn í þetta. Talaði Dagur um að sennilega hafi þau tapað hátt í 40 milljónum króna á þessu ævintýri (1988 ný fullbúin 2. Herbergja íbúð í Heiðarholti 2,4 mill. Tapið nærri því 2 stigagangar). En þar sem þau voru einstaklingar í rekstri þá gátu þau ekki fært sér þetta í nyt sem tap í bókhaldinu eins og Miðnes hf gat gert.

Það er grátlegt að skoða sögu Sjóeldi hf því lík hrakfallasaga sem henti þetta fyrirtæki var einstök. Endalaust bras og áföll sem ekki er hægt að skrifa á neitt annað en náttúruna og þekkingarleysi á fiskeldi á Íslandi á þeim tíma. Vinna við fiskeldi er leiðinlegasta vinna sem ég hef unnið um ævina.



Viðamiklar breytingar á Arney KE-50 (1014)



Árið 1982 er farið í gagngerar endurbætur og breytingar á Arney KE (1014) meðal annars sett ný vél af gerðinni Stork Werkspoor Diesel 800 hestöfl árgerð 1982. Einnig var byggt yfir skipið og skipt um brú. Mikill munur varð á allri vinnuástöðu áhafnarinnar þegar mest öll vinna var nú unnin innan þilfars. Að fara í þessar breytingar gekk ekki alveg átakalaust fyrir sig þar sem ekki fékkst fyrirgreiðsla og ekki mátti taka erlent lán.

Útgerðarmenn í Keflavík gefast upp fyrir kerfinu

Fyrir nokkra mánuði útgerðarmenn fjöðruðu líta um fyrir gerðinu frá Fláskjólum og langlánanefnd vegna endurbætur á 50-53% af kostnaði við endurbætur. Ennig var samskiptum við langlánanefndina.

Nýrðvik: Neyddu bæjarfulltrúa til að segja af sér

Fjölmörgu af loknum kosningum um bæjarfulltrúa í Reykjavík í gær. Neyðvæðingur þess efnis var mikill uppástandur.

Sjómanna dagurinn í Keflavík

Á sjómanna dagurinn í Keflavík var fundur haldinn í höfðingisgjafningu í höfðingisgjafningu í höfðingisgjafningu. Þetta var samþykkt á milli þessara fulltrúa. Þetta var samþykkt á milli þessara fulltrúa. Þetta var samþykkt á milli þessara fulltrúa.

ÚTGERÐARMENN Framh. af 1. síðu

stjórnarinnar er samþykkt um að gera sérstakt átak í atvinnumálum Suðurnesja og hvetur nefndin eindregið til þess að staðið verði við þá samþykkt.

En allt kom fyrir ekki, og hefur einn þessara manna nú orðið að selja skip sitt og þannig gefist

hannur á vegum, en all þetta hefur verið tregur að undanförmu. - eþj.

upp fyrir kerfinu. Skipið var selt öðrum útgerðarmanni, sem kannski fær náð fyrir kerfinu? Útgerðarmenn annarra báta munu láta lagfæra skipin að einhverju leyti, en langt frá því sem þörf er á. Návar verður fjallað um mál þetta í næsta blaði. - eþj.

Sótt var um fyrirgreiðslu hjá Fiskveiðisjóði og langlánanefnd. Fiskveiðisjóður gaf vilýrði fyrir láni á 50–53% af kostnaði við endurbæturnar en langlánanefnd sagði þvert nei. Einnig var þeim neitað að taka mjög hagstætt erlent lán.

Fengin var verkfræðistofa til þess að útbúa útboðsgögn, þegar þau voru klár til útboðs voru gögnin sótt. Eins og svo oft áður þegar farið var til Reykjavíkur þá komu pabbi og mamma við hjá Gerði frænku og Júlla. Júlli var verkfræðingur og á heidurinn meðal annars af hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn og Helgúvík. Eitthvað berast tilboðsgögnin í tal og vildi Júlli fá að sjá þau. Hann les yfir þau og segist vilja fá að bæta aðeins við þar sem honum þyki þau frekar gróf. Hann fær það og fer vel yfir gögnin og tiltekur allt í smáatriðum svo sem hversu mikið á að sjóða í bönd og hversu margar skrúfur eigi að vera á metrinn og þar fram eftir götunum. Hann segir einnig að þau skuli ekki taka nein aukaverk heldur láta laga allt eftir á.

Stjórnvöld lögðu hart að þeim að láta breytingarnar fara fram á Akureyri í stað skipasmíðastöðvar í Danmörku. Slippurinn á Akureyri fékk verkið á sama verði og sú Danska bauð, var það gert til að styrkja íslenskan skipaiðnað. Þannig fengu þau þá fyrirgreiðslu sem upp á vantaði.

Gluggarnir í brúnni áttu að vera fjórir á hliðinni og sjö að framan. En urðu þrír og fimm því slippurinn á Akureyri átti afgangsglugga frá smíðinni á Kolbeinsey ÞH. Þeir skelltu gluggunum í þegar pabbi og Bjössi vélstjóri voru í frii en þeir voru við eftirlit með verkinu og gátu þess vegna ekki komið í veg fyrir það. Þegar upp var staðið þá var aðeins eitt aukaverk, það hafði algerlega gleymst að hanna og teikna slóglúgu á millidekkið og báturinn fékk ekki haffæri nema að hún væri til staðar. Þessi slóglúga hefði sennilega verið ódýrari ef Georg Hannah úr og gullsmiður í Keflavík hefði smíðað hana úr silfri eða svo sagði pabbi alltaf.

Á meðan á endurbótunum stóð voru þeir pabbi og Sigurbjörn Jónsson (Bjössu) vélstjóri fyrir norðan til að fylgjast með verkinu, þeir leigðu íbúð í Keilusiðu og voru með útgerðarbílinn Austur Þýskan Trabant með sér. Þeir sögðu að nágrannarnir hefðu fylgst sérstaklega vel með þeim því að ekki fór á milli mála þegar þeir voru á ferðinni því hljóðið í Trabantinum er all sérstakt og heyrðist langar leiðir. Nágrönnunum fannst sennileg eitthvað dularfullt að tveir karlmenn færu alltaf sama út á morgnana og kæmu svo heim á kvöldin með innkaupapokana fulla af góssi. Höfðu þeir gaman af að rifja þetta sumar upp. Flest allt virkaði vel eftir breytingarnar og fiskaðist vel á skipið sem og endranær. Nema það var alltaf vandræði hvað vélin sótaði sig mikið. Alltaf var verið að brasa í þessu alveg þangað til að skipt var um smurolíu og fengin gamla góða Rimula 30 smurolían og eftir það var vélin alltaf tandurhrein.



Sumarið 1983 er farið á tilraunaveiðar á Grálöngu með línu fyrir Sigmar B Hauksson matreiðslumeistara og fyrirtæki hans Veltækni hf. Línan var beitt um borð og aflinn ísaður. Fara varð sérstaklega varlega með aflann því ef Langan hryggbrotnaði þá var hún ekki hæf í þennan eftirsótta lútfiskrétt þeirra sænsku. Veiðarnar gengu vel. Skipstjóri var Valdimar Halldórsson úr Garðinum alveg eðal karl. Hann hafði gríðarlega gaman að gamboj spilinu þá sérstaklega Donkey kong sem hann spilaði linnulítið á andófinu. Stóð línan oft eins og þvottasnúra út í loftið þegar karlinn gleymdi sér í spilinu.

Sumarið 1985 er skipið leigt til rækjuveiða frá Súðavík og var sett á það grandaraspil og búin til renna aftan á skipið svo hægt væri að taka trollið inn að aftan og fram með brúnni bakborðsmegin. Einnig var settur á skipið skráfuhringur sem auka átti togkraftinn en því miður gerðist það ekki. Skráfuhringurinn skapaði bara hávaða þannig að í brælum svaf maður með heyrnarskjól vegna gríðarlegs skráfuhávaða. Þegar hringurinn var tekinn af þá var sett á skipið nýtt stýri frá Ulstein sem gjörbreytti stjórnhæfni skipsins. Sögðum við oft svona í gríni að maður væri hræddur um að sigla í rassgatið á sjálfum sér því beygjan var svo mikil. Skipið var leigt til rækjuveiða á sumrin frá Súðavík fram til 1990 en þá var það leigt til Siglufjarðar til og með 1992. Fyrst til Rækjuvinnslunnar Drafnar ehf og síðar til Þormóðs Ramma hf eftir að Drafnar ásamt fleirum keyptu Ramma hf.

Fyrst um sinn þá fór skipið í slipp fyrir rækjuveiðarnar, málað hátt og lágt. Þegar það kom til baka á haustin þá var það hlerabarið og illa útlítandi. Mamma gerði kröfu um að skipið yrði tekið í slipp eftir rækju til að hafa það fínt og flott þegar það væri á heimaslóð.

Síldveiðar voru stundaðar á þessu skipi öll haust frá því að skipið var keypt og landað víða eða allt frá Sandgerði austur um og til Húsavíkur.



Útgerð þessa skips gekk áfallalítið fyrir sig að mestu. Einhverju sinni tók skipið niðri á boða utan við Grindavík og laskaðist stýrið við það og varð skipið stjórnlaust. Snarræði áhafnarinnar á Skúm GK kom í veg fyrir að illa færi. Skúmur GK bar eitt sinn nafnið Skírnir Ak, bátur sem í upphafi kom til greina sem fyrsti bátur útgerðarinnar. Eitt strand man ég eftir sem átti sér stað inn í Mjóafirði fyrir austan. Það var verið að eltast við síld alveg upp í harða landi þegar skipið festist á astic stautnum (sónar) og sat þar fast og varð að fá annan bát til að toga í það svo það lostnaði. Taka varð skipið í slipp þar sem asdic stauturinn kengbognaði.



Í einu óveðrinu fóru 2 menn í sjóinn við bryggju í Sandgerði en þá sakaði ekki.

Smávægileg slyss urðu á mönnum það alvarlegasta var þegar maður fékk dreka í síðuna og sprakk í honum miltað.

Óvænt óveður myndaðist á Skerjunga þar sem Arney var við veiðar. Kallaði pabbi í alla skipstjórana á svæðinu, sagði þeim að þeir skyldu koma sér í land strax ef þeir ætluð sér að ná í land heilu og höldnu. Flestir hlýddu strax og náðu í land án vandræða en aðrir urðu fyrir áföllum en allt gekk vel að lokum. Þetta segir okkur að Óskar á Arney var mikils metinn af samferðarmönnum sínum sem báru mikið traust til hans.

Óskar bjargvætturinn
Flestir sæfarendur á litlum bátum sem voru á veiðum suður af Reykjaneskaganum þakka Óskari Þórhallssyni, skipstjóra á Arney KE 50, að þeir skyldu ná heilir til lands er óveðrið skall skyndilega á í síðustu viku. Var Óskar á veiðum úti af Skerjum er hann sá í hvað stefndi. Sendi hann þegar út óveðursviðvörðun og nánast skipaði litlu bátunum í land. Þrátt fyrir þetta áttu sumir í erfiðleikum, sökum þess hve veðrið skall skyndilega á og þar sem innsiglingarnar til Grindavíkur og síðar til Sandgerðis lokuðust. En þrátt fyrir að brotsjór léki um suma báta og setti jafnvel báta á hliðina sluppu menn með skrekkin til hafnar og það þakka menn Óskari.



Torfi í Mörk



Þröngt á bekknum við sjónvarpsgláp (Strætó)

Margar skemmtilegar sögur er hægt að segja frá þessu skipi en ein er þó sýnu skemmtilegri.

Eitt sinn er Arney kom til löndunar í Sandgerði á upphafsárum Stöðvar tvö, þá vindur Torfi Ingólfsson frá Mörk sér að Degi og spyr hann að því hvort ekki sé hægt að fá afruglara á helvítið hann Helga Matta stýrimann. Daginn eftir kemur Arney að venju úr róðri, vindur Dagur sér þá að Torfa og réttir honum afruglara (myndlykill) að Stöð 2 og spyr hann hvort þetta gæti dugað á Helga Matta stýrimann. Þetta er sennilega í fyrsta og eina skiptið sem Torfi varð kjafstopp. Eftir þetta var áhöfnin á Arney alltaf með áskrift að Stöð 2 þökk sé Torfa. Húmorinn í Degi er óborganlegur.

Oft voru margir úr áhöfninni menn sem bjuggu úti á landi og voru þess vegna mikið um borð í landlegum og bjuggu jafnvel heilu vertíðirnar um borð. Því var kærkomið að hafa aukið sjónvarpsefni með tilkomu Stöðvar 2. En gallinn var sá að aðeins á einum stað í höfninni í Sandgerði náðist merki

Stöðvar 2. En Dúddi hafnarvörður (Þórhallur Gíslason) sá til þess að það pláss væri nær alltaf laust fyrir Arney.



Önnur saga verður að fylgja með því hún er svo ótrúleg.

Eitt sinn er við komum úr róðri bíður á bryggjunni bifreið af gerðinni Chevrolet Malibu classic með R númeri. Vindur ökumaðurinn sér að mér og spyr hvort við eigum ýsu. Jú hvað langar þig í mikið svaraði ég. Hvað eigið þið mikið, ég svaraði ca 400 kg. Ég ætla að fá það allt og setja það bara í skottið. Ég sendi hann um borð til þess að semja um verð við pabba og svo var málið híft yfir skottið og ýsunnir með allri slordrullunni sturtað í skottið sem var rauð plussað. Bíllinn seig vel niður að aftan og ók fjölskyldan hin ánægðasta í burtu. En eftir stóðum við með hugrenningar um hvernig karlinn ætlaði að þrifa skottið á bílnum.

Byggt við Strandgötu 20

Árið 1980 var hafist handa við að byggja við fiskverkunina að Strandgötu 20. Byggt var við norðurendann stór salur úr steinsteypu og strengjasteypu bitum til að halda uppi þakinu. Í þessari viðbyggingu skildi vera fiskmóttaka og aðgerðaraðstaða. Einnig var byggð hæð fyrir ofan fiskmóttökuna sem hýsta átti salernisaðstöðu, skrifstofu og kaffistofu.

En kaffistofan sem var fyrir, var í lítilli kompu með örmjóum trébekkjum og hýsti varla allt það fólk sem var við vinnu í húsinu þó þröngt væri setið. Til marks um vinnuhörku Dags þá mátti oft koma að honum sofandi á þessum örmjóa bekk. Oft var unnið til miðnættis og þá allir sendir heim en Dagur varð eftir og þreif allt hátt og lágt. Síðan lagði hann sig á bekkinn því honum þótti ekki taka því að fara heim en hann bjó á þessum tíma í Keflavík.

Smiðirnir voru Heimir Sigursveins og Birgir Kidda Lár. Heimir sagði mér hversu stoltir þeir hafi verið með það að þeim hafi verið treyst fyrir þessu verki. Þetta var fyrsta verkefni þeirra eftir að þeir hófu að vinna sjálfstætt. Múrarmeistarinn var Óskar Guðjónsson. Óskar lést meðan á framkvæmdum stóð og eitthvað misskildi Kiddi í Ási fregnina af andláti Óskars múrara og fór um alla Sandgerði eins og Títuberja Mæja og boðaði andlátsfrétt af Óskari á Arney, “hvernig fer svo með þetta allt hjá útgerðinni þegar Óskar er allur”.

Gríðarlegar breytingar urðu til hins betra við nýja húsið. Sett var upp aðgerðarlína sem létti störf fólksins mikið. Færiband var sett við enda fiskstíunnar sem flutti fiskinn upp á hausarann. Áður var hverjum fiski lyft upp á hausarann með sting og var það erfitt og lýjandi starf.

Síðan var bætt við þrýstikútum fyrir slóg og lifur sem síðan var skotið með lofti upp í stóran tank sem hengdur var upp á vegg, tankurinn rúmaði nokkur tonn. Tankurinn var losaður beint á vörubíla fyrir utan húsið, mikill léttir og vinnusparnaður. Einnig var keypt flatningsvél sem flatti fiskinn sem áður var gert í höndum. Að fletja fisk í höndum er mjög erfið og lýjandi vinna. Svo var fiskurinn settur í þvottakar sem var með færibandi sem flutti flatta fiskinn í vinnuhæð fyrir þá sem söltuðu hann í kör. Seinna kom söltunarsnigill sem létti enn vinnuna við söltun í körin því þá hætti saltmoksturinn.

Einnig var boruð hola sunnan við skreiðarskemmuna til að fá meira vatn því borholan sem var fyrir afkastaði ekki nægu vatni fyrir nýju aðgerðaraðstöðuna. Á þessum tíma var hvert fiskhús í Sandgerði með sína eigin borholur því vatnsveitan nægði engan vegin fyrir allt svæðið.

Á þessum árum kringum 1980 var keyptur vörubíll af HINO gerð og pallurinn af Eilífi settur á hann og var burðargeta hans þannig undir 5 tonnum sem þýddi að allir sem höfðu þá bílpróf gátu keyrt hann. Árið 1982 er keyptur notaður rafmagnslyftari af Skreiðarsamlaginu. Það var mikill munur að losna við sótið og hávaðann frá Sóta. Nokkrir aðrir rafmagnslyftarar fylgdu í kjölfarið því þeir entust ekki vel í saltinu. Útgerðin átti nokkra sendiferðabíla og Landrover sem þjónuðu starfsfólkinu í verkuninni. Fólkið var sótt á morgnana heim til sín í Keflavík og Njarðvík og svo skutlað heim í hádeginu, í kvöldmat og eftir að vinnu lauk á kvöldin. Einnig átti útgerðin bíla sem þjónustuð vélstjórana á Arney því þeir þurftu oft að hafa eftirlit með skipunum í landlegum. Seinna var keyptur útgerðarbíll af VW Transporter gerð, en fram að því hafði útgerðarbílar Dags verið hans einkabílar. Man vel eftir Ford Cortina bíl sem Dagur var á, Dagur hefur alltaf verið vel nýttinn á bíla. Þessi Cortina var orðin þannig í restina að hún líktist Fred Flinston bíl því það var svo stórt gat í botninum. Byggð var kæligeymsla sem búin var brettarekkum og pakkaður saltfiskurinn geymdur þar þangað til hann var fluttur út. Þegar hér er komið við sögu er pökkun á saltfiski gjörbreytt ekki lengur pakkað í 50 kg pakka heldur 1000 kg á bretti.



Seinna meir var keyptur stærðarflokkari, 1997-9 þá fluttu þau inn Bens vörubifreið frá Þýskalandi. Við allar þessar breytingar við saltfiskvinnsluna gerði það að verkun að vinnuálagið varð miklu minna. Ekki var unnin eins mikil yfirvinna og á árum áður þar sem gert var að aflanum um borð og hann ísaður vel og mátti þess vegna geyma hann til næsta dags.

Síldarsöltun í Sandgerði:

Óvanalega stór og falleg síld

Hér áður fyrr var síldarsöltun einn af föstu þáttunum hér suð-vestanlands á hverju hausti. Nú í seinni tíð er þetta frekar viðburður en hitt. Af þessu tilefni brá blaðamaður Víkur-

frétta sér út í Sandgerði sl. föstudag.

Þann dag kom Arney KE 50 með um 30 tonn af óvanalega góðri og stórrí síld. Að sögn Óskars Þórhallssonar skipstjóra, var

þessi síld veidd í Ísafjarðardjúpi. Var síldin söltuð strax um kvöldið hjá Fiskverkun Arneyjar í Sandgerði. - epj.

Árin 1985 og 86 landaði Arney síld í Sandgerði sem söltuð var í verkuninni. 11. október 1985 var í fyrsta sinn sem síld er söltuð í húsinu og myndaðist mikil og góð stemning. Húsið var engan vegin tilbúið til að taka við síld og varð að skrapa saman tækjum, búnaði og mannskap því síldin veiddist óvænt í Ísafjarðardjúpi.

Dagur ákvað að létta undir með sér og réð til sín verkstjóra í verkunina. Þeir voru nokkrir á árabílinu 1983 til 2000. Verkstjórnir voru Magnús Magnússon, Sævar Sigurðsson, Friðrik Valgeirsson og Þórhallur Óskarsson

Vorið 1988 er lestin í Arney gerð karavæn og var þá allur afli settur í kör og ísaður. Var þetta mikil framför í meðferð á fiski og jukust gæði hans verulega. Það var alltaf lögð mikil áhersla á góða umgengni um aflann. Alltaf tekinn mikill ís til að kæla aflann og allur fiskur lagður til í körunum. Áhöfnin á Arney var fyrst til þess að reyna fyrir sér með að setja fiskinn í ískrapa um borð en sú tilraun tókst ekki vel þar sem þessi bátur valt svo mikið og einnig þá var kannski settur of mikill sjór í körin. Það var sérstaklega mikill hamagangur í lestinni þegar síld var sett í körin um borð því hún rann ljúft niður í lest.

Mikil áhersla var lögð á góða umgengni um körin. Körin voru alltaf vel þrífín og skemmd kör tekin strax úr umferð og löguð.

Við þessar breytingar var aðgerðaraðstaðan í húsinu líka breytt því nú þurfti ekki að nota fiskmóttökuna og færíbandið, heldur fiskinum sturtað beint úr körunum upp á borðið á hausaranum.

Góður afli hjá Suðurnesjabátum

- Arney landaði 40 tonnum eftir nóttina

Aflbrögð á allar þrjár Arneyjarnar voru heilt yfir góð þó stundum fiskaðist lítið eins og gengur og gerist. Það voru níu vetrarvertíðar sem Arney var aflahæst í Sandgerði meðan það var skráð og einhverju sinni hæðst á Suðurnesjum en á þeim tíma voru nokkrar stórar verstöðvar á Suðurnesjum. Aflakóngstítlar voru aflagðir fljótlega eftir að kvótakerfið kom á 1984. Þannig að níu aflakóngstítlar á ellefu árum má teljast nokkuð gott.



Þennan góða árangur má þakka þeim félögum þabba sem skipstjóra og Degi sem útgerðarstjóra en hann sá um útvegum og frágang veiðarfæra. Því enginn er skipstjórinn án báts, veiðarfæra og góðrar áhafnar. Þetta samspil lánaðist þeim félögum mjög vel að spinna saman.

Eitt sinn man ég eftir því (*fékk staðfest hjá áhafnarmedlimi á þeim tíma*) að fiska átti í siglingu haustið 1981. Aflbrögð voru það mikil og veðrið í Villta vestrinu (*veidislóð djúpt vestur úr Látrabjargi*) svo slæmt að ákveðið var að draga öll netin og láta vera að slægja og ganga frá aflanum þangað til komið væri í land. Eitthvað af aflanum var slægt upp í verkun og flutt aftur um borð og síðan haldi í siglingu til Þýskalands.



Mikið var lagt upp úr að fólkinu liði vel í vinnunni og að aðbúnaður væri góður. Allt var gert til þess að fólkið fengi launin sín á réttum tíma. Það gat oft verið skrambi erfitt, sérstaklega í byrjun þegar afurðir vetrarins voru ekki seldar fyrr en í fyrsta lagi eftir páska. Margt fólk var lengi við störf hjá útgerðinni, lengst af öllum starfaði Arnbjörg Sæbjörnsdóttir eða Adda eins og hún var alltaf kölluð, smá en grjóthörð kona. Mörg nöfn má nefna svo sem Huldu, Stínu, Sóla og Tóta.

Manngæskan og ábyrgðartilfinning fyrir starfsfólkinu sínu hjá þeim var aðdáunarverð.

Margur á þeim mikið að þakka því þau voru ötul að taka fólk og fjölskyldur upp á sína arma og aðstoða þau ef einhverjar fjárhagsáhyggjur herjuðu á. Mamma var þar fremst í flokki, auðvitað með samþykki þeirra félaga.

Sérstaklega er gaman að segja frá einum háseta sem átti ekkert og skuldaði mikið. Hann var tekinn í algera fjárhagsgjörgæslu. Fyrir rest er hann hættur að drekka og komin með húseign og fjölskyldu. Eitt sinn á sjómannadagskaffi í Samkomuhúsinu í Sandgerði kemur þessi drengur með hvítvoðung í fanginu. Hann leggur barnið í fangið á mömmu og segir Elsa þetta á ég þér allt að þakka. Betur var ekki hægt að þakka fyrir sig.

Heima á Baldursgarðinum var oft mikið af aðkomufólki sem starfaði hjá fyrirtækinu og bjó hjá okkur eða gisti um helgar og í fríum. Það var alltaf glatt á hjalla á morgnana á frídegi þegar allir mættu fram til að púsla. Nefndi þessi hópur sig brókalallafélagið.

Eftir vertíðina var oft gert vel við fólkið og því boðið á SLÚTT eins og það var kallað. Man eftir því að við fórum á Hótel Sögu, Hótel Ísland og Broadway. Vertíðan 1980 kom kona ein til vinnu í verkuninni að nafni Edda Jóhannsdóttir. Dagur var vanur að ganga um rútuna á leiðinni heim eftir slútt með vodkaflösku og bauð öllum sem vildu drykk. En í þessari ferð var ekkert svoleiðis því þau Edda höfðu stungið saman nefjum og hafa verið sama alla tíð síðan. Edda var mjög góð viðbót við þá mögnuðu liðsheild sem þau eigendurnir voru.



Áhöfn og starfsfólkið í verkuninni á slútti 1985.

Aðild að öðrum félögum.



Þau áttu hluti í nokkrum félögum mismikið þó. Árið 1992 keyptu þau hlut Dagbjarts Sigtryggssonar í Útgerðarfélaginu Vísi hf á Húsavík. Helstu eignir Vísis var Sigbór ÞH-100 (185) og tvær húseignir á Húsavík og forlátur breskur Bedford vörubíll. Útgerðarfélagið Vísir hf var stofnað árið 1931 af afa Þórhalli Karlssyni og Sigtryggi Jónassyni. Síðla árs 2001 keypti Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. Útgerðarfélagið Vísi hf. Þar með lauk langri og farsælli sögu þess félags.

Eignarhlut í Skipasmíðastöð Njarðvíkur, Ísverksmiðju Sandgerðis og Fiskmarkaði Suðurnesja.

Árið 1990 hugðust þau gera tilboð í þrotabú Rafns hf í Sandgerði. Rafn hf var á þessum tíma stórt og mikið fyrirtæki með mikinn rekstur. Eignir þess voru metnar á 373 milljónir en þær voru Fiskverkunarhús að Strandgötu 6-8, fiskiskipin Viðir II GK og Barðinn GK. Dagur sagði að þeim hafi strax verið gert ljóst af Jónasi bankastjóra Landsbankans að þau myndu ekki fá að kaupa þrotabúið þar sem þau væru ekki í viðskiptum við Landsbankann þannig að ekkert varð kaupunum.

31. mars 1990 | Innlendir fréttir | 226 orð

Gjaldþrot Rafns hf í Sandgerði: Matsverð helstu eigna 373 milljónir

Gjaldþrot Rafns hf í Sandgerði: Matsverð helstu eigna 373 milljónir Greiðslustöðvun Mumma hf aflétt AUGL?ST hefur verið eftir tilboðum í Viði II GK og Barðann GK, skip Rafns h/f í Sandgerði, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta, sem og aðrar eignir...

Gjaldþrot Rafns hf í Sandgerði: Matsverð helstu eigna 373 milljónir Greiðslustöðvun Mumma hf aflétt

AUGL?ST hefur verið eftir tilboðum í Viði II GK og Barðann GK, skip Rafns h/f í Sandgerði, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta, sem og aðrar eignir félagsins. Kvóti Viðis II er 395 þorskigildi og tryggingaverðmæti skipsins er 85,2 milljónir króna, en kvóti Barðans er um 472 þorskigildi, að frádregnum afla marsmánaðar, og tryggingaverðmæti, 90,3 milljónir króna. Auk skipanna átti fyrirtækið fiskverkunarhús og er brunabótamat þess 197,6 milljónir króna.

Þá á fyrirtækið einhverjar eignir í lausafé og afurðum, að sögn Símonar Ólasonar hdl, bústjóra. Að sögn hans hafa engin tilboð enn borist í bátana en tilboðsfrestur rennur út 7. apríl. Við gjaldþrot töldu eigendur, sem óskuðu eftir skiptunum eftir að sýnað hafði verið um framlengingu 3 mánaða greiðslustöðvunar, að skuldir fyrirtækisins næmu um 500 milljónum króna. Innköllun krafna er nýhafin en meðal stærstu lánaðrottina eru Landsbanki Íslands, Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður. Um 20 manns störfuðu hjá fyrirtækinu, að sögn bústjóra; áhöfn Barðans og starfsfólk fiskvinnslunnar en Viðir II hafði verið í slipp síðustu mánuði og því ekki skráð á hann áhöfn.

Útgerðarfélagið Mummi í Sandgerði, sem gerði út mb. Eini, var að stærstum hluta í eigu sómu aðila og Rafn hf. Mumma hafði verið veitt greiðslustöðvun í skiptarétti Gullbringusýslu en að ósk eigenda félagsins var greiðslustöðvunin afturkölluð fyrir skómmu.

Þann 9-8-1990 kaupa þau Bolla KE-46 af Magndísi Ólafsdóttur (Dísu) ekkju Magnúsar Ingimundarsonar. Maggi var bróðir Dags og mikill vinur þabba. Maggi var nýlega látinn aðeins 54 ára.

Bolli KE-46

Skipaskrár nr: 1248

Kallmerki: 1248

Smíðaður úr eik 1972 á Seyðisfirði

Brúttótonn: 15,04 Brt

Lengd: 13,05 m

Breidd: 3,37 m

Djúprista: 2 m

Vél: Volvo Penta 125 hp árg 1971

Eigendaskipti 25.2.1991

Fargað 21.11.1992

Um áramótin 1998-9 kaupa þau Skúm RE-90 af Kristjáni Einarssyni. Þessi bátur var gerður út frá Sandgerði og var mikið með okkur á skerjunum við Eldey.

Skúmur RE-90

Skipaskrár nr: 1151

Kallmerki: 1151

Smíðaður úr furu og eik 1971 í Hafnarfirði

Brúttótonn: 12,56 Brt

Lengd: 11,77 m

Breidd: 3,33 m

Djúprista: 2 m

Vél: Volvo Penta 105 hp árg 1978

Eigendaskipti 19.5.1999

Seldur með Arney ehf til Skinney Þinganes 1.4.2001

Tilgangurinn með þessum bátakaupum var að auka kvóta Arneyjar.

Við Þórhallur bróðir rérum Skúm RE sumarið 1999 þar sem veiða þurfti ákveðinn hluta af kvótanum til þess að aflauppbótin kæmi til skiptanna. Annars hefði sú uppbot fallið niður og ekki nýst þegar kvótinn var færður yfir á Arney KE.

Það að vera á handfærum er leiðinlegasta veiðiaðferð sem til er. Þórhallur minn fór einn róður með mér á Skúmi suður á Geirfuglaskerin við Eldey og kann góðar sögur af því.



Mamma minntist þess að hún hafi fljótlega eftir að kvótakerfið byrjaði farið að ýja að því að kaupa kvóta. En þeir félagar ekki verið til í það í byrjun þar sem þeir töldu að kvótakerfið væri bara til bráðabyrgðar.

Arney (1014) Seld.

1-12-1992 er Arney KE-50 (1014) seld vestur á Ísafjörð og fær nafnið Auðunn ÍS-110. Það var mikil eftirsjá í þessu skipi þó svo að það ylti mikið. Var talað um að skipið ylti svo mikið að það ylti meira að segja í slipp. En það fór alltaf vel með mann hvernig sem viðraði. Þetta skip hét síðar Steinunn SF-10, Ársæll SH-88, Dúi Ís-41 og Ársæll ÁR-66. Í ágúst 2017 er skipinu siglt til Belgíu þar sem það er rífið.

Arney KE verður Auðunn ÍS

Nýtt fiskiskip bættist í flota Ísfirðinga nú um miðja vikuna en þá kom Auðunn ÍS 110, sem áður hét **Arney KE 50**, til hafnar á Ísafirði. Kaupendur eru Eiríkur Böðvarsson og fjölskylda en seljandi eru Óskar Karl Þórhallsson og Dagur Ingimundarson í Sandgerði sem nýlega keyptu Ásborgu EA.

Að sögn Eiríks Böðvarssonar, sem stendur ásamt fleirum að rækjuverksmiðjunni Básafelli hf., verður Auðunn ÍS sendur fljótlega til línuveiða en skipið, sem er tæpar 200 brúttórúmllestir, verður á rækjuveiðum á sumrin.

sjálfvirka línubeitningargvél um borð í skipið en það skýrist betur á næstunni, sagði Eiríkur en þess má geta að erfiðlega hefur gengið að fá menn til þess að beita fyrir vestan og það freistar því margra að setja beitningargvélar í bátana.

— Það er jafnvel í ráði að setja

BÁTAR — SKIP

Fiskiskip til sölu

Til sölu er mb. **ARNEY KE-50**. Skipið er 197 lesta stálskip, byggt árið 1966 og yfirbyggt 1982. Skiptið selst án aflahlutdeilda.

Lögmenn Garðar og Vilhjálmur,
sími 92-11733 fax, 92-14733.

Arney KE-50 (1416)



30 nóvember 1992 er Ásborg EA-259 frá Hrísey keypt og fær nafnið Arney KE-50 (1416) Stofnað var einkahlutafélagið Arney ehf um þessi kaup.

Skipaskránnr: 1416

Kallmerki: TF-QN

Stál Mandal Noregur 1975

Brúttó: 347 Brt

Lengd: 43,17 m

Breidd: 8,21 m

Dýpt: 3,86 m

Vél: Wichmann 1970 1250 hestöfl

Eigendaskipti: 8.7.1993

<p>Arney KE 50</p> <p>Þeir félagar Óskar Þór-hallsson og Dagur Ingimundarson hafa sett nafnið Arney KE 50 á bát þann sem þeir keyptu á dögunum frá Hrísey, 347 tonna stálbát sem þar hét Ásborg EA. Þetta er þriðji fiskiskipið sem þeir félagar láta bera þetta nafn og kom það í stað bóts sem þeir söldu til Ísafjarðar og ber þar nafnið Auðunn IS 110.</p>  <p>◆ Arney KE 50 í Sandgerðishöfn á öðrum degi ársins 1993. Ljóm.: epl.</p>	<p>Sandgerði: 85 tonn af saltfiski</p> <p>Arney KE landaði 16,6 tonn af ífiski í Sandgerði í síðustu viku og einnig 85 kórum af saltfiski. Arney landaði tveggja vikna löndun í liðinni viku, enda mun saltfiskurinn ekki mega vera í þæklinum lengur en 3 sólarhringa. Arney rær með net og það gerir Sigurvín Bredifjörð KE einnig og hann kom með 32,6 tonn að landi í síðustu viku.</p>
--	---

Þetta skip var vel útbúið til netaveiða og til söltunar á fiski um borð. Skipið var buið veltitanki og því með mikla sjóhæfni.

Verkunarlína fyrir saltfisk var um borð með hausara, flatningsvél og hnakkabursta ásamt stórum þvottakörum. Fyrst um sinn var nær allur þorskur saltaður um borð. Fiskurinn var hausaður, flattur og síðan þækilsaltaður í kór. Fiskinum var landað í þæklinum og rifinn upp og umsaltaður í fiskverkuninni. Þessi aðferð gaf góða raun og skilað góðu hráefni og háu meðalverði. Til þess að ná sem bestum gæðum á hráefninu þá var löndun með tveggja til þriggja daga millibili svo helgarfrí aðra hverja helgi. Svo brast á verkfall sjómanna og sama hversu oft var bent á að ef samið yrði um 30 stunda löndunarfrí eftir hverja löndun á veiðum þar sem afli var flattur og saltaður um borð þá yrði sjálf hætt.

Ekki var hlustað á okkar rök og samið um breytt fyrirkomulag. Þar með var verkun á saltfiski um borð sjálfhætt. Eftir það var aflinn slægður og ísaður um borð síðan fluttur og saltaður í landi. Lengi á eftir spurðu saltfiskskaupendur erlendis eftir því hvenær þeir fengju aftur sjósaltaðan fisk því það var það besta sem þeir höfðu fengið.

Gerð var tilraun til síldveiða með flottroll. Fengið var flottroll frá Swannet á Írlandi og gekk notkun þess brösuglega og var árangurinn eftir því. Skipið og búnaður þess var of lítill og máttvana til að stunda þessar veiðar. Margir skipstjórar höfðu gaman af því að einn harðasti andstæðingur flottrolls veiða á uppsjávarfiski skyldi vera manna fyrstur til þess að taka flottroll.

Ölver Skúlason skipstjóri á Geirfugli GK var einn þeirra og orti í því tilefni vísu.

Fokið hefur flest í skjól.

Þó fáir um það tali.

Tekur troll og tyggur rjól.

Traustur síldar smali.

Það er saga frá því að segja hvers vegna Ölver setur inn Traustur síldarsmali. Það hafði verið mjög léleg síldveiði fyrir austan í einhverja daga. Torfurnar lágu á hörðum botni og tiltölulega grunnt, þannig að ógjörningur var að kasta á hana.

Pabbi fékk flotann til þess að sigla fram og til baka með þunga skrúfu sem bjó til mikinn hávaða og titring í von um að fæla síldina í suður á betri botn. Þetta tókst og fengu margir góðan afla.



Allur síldarafli var í upphafi settur í kör með sjó og miklum ís til að halda gæðunum sem bestum. Það var mikill hamagangur að setja í 240 kör í einum rykk. Það var aðdáunarvert að sjá hversu samhent áhöfnin var við að setja síldina í öll þessi kör. Man eftir að við fylltum öll körin á innan við 2 klst en það þurfti að færa þrjú af hverjum fjórum körum til og moka einu kari af ís í hver fjögur kör.



Árið 1993 er skipið sandblásið hátt og lágt og síðan kaldsinkað. Skipið var síðan málað með nýrri tveggja þátta vínilmálningu sem átti að vera allra meina bót því hún átti að þola meira álag án þess að skemmast. Það reyndist raunin en í staðinn var mikið erfiðara að halda skipinu hreinu þar sem málningin var svo mjúk að öll óhreinindi festust við hana. Mikið var lagt upp úr því að halda skipunum hreinum og snyrtilegum.

Árið 1994 var skipinu breytt aftur til nótaveiða og fiskaðist mjög vel á það, enda vel útbúið til þeirra veiða. Fyrsta síldarvertíðin á nót var haustið 1994 og var aflanum landað hjá Búlandstindi á Djúpavogi



Árið 1995 lætur mamma hanna Logo fyrir fyrirtækið og má með sannni segja að það hafi heppnast afskaplega vel. Merkið er bátsstefni þar sem bógalda myndast í stafnum A. Blái liturinn vísar í litin á Arney KE og rauða línan vísar í rauðu línuna sem alltaf var máluð á skrokk skipsins.



Skemmdir eftir árekstur Árvakurs.

Árið 1995 var skipinu breytt mikið til þess að hægt væri að setja lausan farm í lestarnar en skipið var útbúið eingöngu fyrir kör. Þetta var gert til að koma meiri afla um borð því fara átti til veiða á norsk-íslensku síldina. Búast mátti við að langt yrði að sækja hana, í eitt sinn var farið norður fyrir Noreg. Mikil mildi varð að ekki yrði stórslys á mönnum sem voru við vinnu í lest skipsins þegar Árvakur þjónustuskip Landhelgisgællunnar sigldi með miklu afli á skipið í Hafnarfjarðarhöfn. Menn voru við vinnu á vinnuþöllum í lestinni og hentust þeir til og frá við höggið. Stórir og þungir hlerar voru ný stífaðir af og féllu þess vegna ekki sem betur fer. Þetta voru miklar og dýrar breytingar og var þeim rétt lokið þegar skall á verkfall sjómanna. Meðan á verkfallinu stóð settu stjórnvöld reglugerð um að einungis þau skip sem höfðu þá þegar landað síldarafla úr norsk-íslenska stofninum mættu halda til veiða. Þar með var út um þessar veiðar þar til ári seinna.

Seinna var settur kvóti á veiðar úr norsk-íslenska stofninum þar sem úthlutunarreglurnar hljóðuðu upp á helmingurinn eftir veiðireynslu og hinn helmingurinn eftir burðargetu. Arney bar tiltölulega lítið og urðu þau af 2000 tonna kvóta því veiðireynsla burðarminni skipanna var almennt góð. Ætla mætti að þetta hafi verið gert stórútgærdunum í hag þar sem stóru og burðarmiklu skipunum gekk ekki allt of vel fyrir kvótasetningu. Vitað var um eitt skip sem fékk 2000 tonn meira en ef farið hefði verið eftir veiðireynslu.

Ruglinu lauk ekki þar því þegar kom að úthlutun á kolmunnakvótanum (Kolmunni er einnig uppsjávarfiskur) þá var ekki lengur notuð reglan helminginn eftir veiðireynslu og rest eftir burðargetu heldur eingöngu eftir veiðireynslu.

Hvers vegna ætli það hafi verið, jú því eitt haustið voru margir smærri bátar að fá kolmunna í síldarnótina og lönduðu honum til að skapa veiðireynslu. Arney KE landaði 40 tonnum af kolmunna og hefði því fengið tæp 2000 tonn ef 50/50 reglan hefði gilt en fengu ekkert því veiðireynslan var svo lítil.

Árið 1995 kaupa þau iðnaðarbil á Iðavöllum 11 í Keflavík. Tilgangur kaupanna var að skapa aðstöðu fyrir ýmislegt dót og veiðarfæri.

Gríðarlegt áfall varð 29. desember 1996 en þá lést ástkær móðir mín Elísabet María. Við fráfallið missti pabbi eignkonu, samstarfsfélagi og Dagur missti ekki bara samstarfsfélagi heldur sinn besta vin þannig að áfallið var gríðarlega mikið fyrir þá félagi sem og fjölskylduna alla.

Mamma var skrifstofustjóri útgerðarinnar og sá um fjármálin með aðstoð þeirra félagi. Við fráfallið þá urðu þeir félagar að taka að sér fjármálastjórnina og koma sér inn í þau mál sem mamma sá um. Pabbi kom í land og tóku þeir félagar til óspilltra málanna við að halda útgerðinni gangandi.

Sumarið 1997 var leyfi fengið til tilraunaveiða á hrognasíld í nótt þar sem veiða mátti 500 tonn. Farið var í samstarf við aðila í Keflavík sem höfðu yfir að ráða vél sem kyngreindi hrygnu frá hæng. Veiðarnar gengu mjög vel, en ekki gekk eins vel að vinna aflann þar sem ekki fékkst fólk í vinnsluna. Því var þessum veiðum sjálfhætt því miður.



Annars gekk allt að mestu áfalla lítið fyrir sig. Tvö strönd annað á Húkkaskeri við Vopnafjörð. Það kom stórt gat á stefnið en hefði gatið verið 30 cm ofar hefði illa farið því hvalbakurinn hefði þá fyllst og skipið sokkið. Í staðinn fylltist forpikkurinn (hólf fremst í skipinu). Skipið var fulllestað af loðnu þarna og lítið borð fyrir báru. Eftir löndun var farið til Neskaupstaðar þar sem skipið var tekið í slipp. Smiðjugarlarnir unnu þrekvirki við viðgerðina á stefninu. Skipið fór upp á flóði og niður á næsta flóði 12 tímum seinna. Þetta var heljarinnar vinna.

Hitt skiptið var strand í innsiglingunni til Sandgerðis og sat skipið fast í eina 6 tíma. Mikið tjón varð á botnstykkjum en engar á bol skipsins. Í bæði skiptin losnaði skipið af sjálfstæðum.

Einhver slys urðu á mönnum en sem betur fer engin alvarleg.

Þetta skip er besta sjóskip sem ég hef verið á og það eina með veltitank.

Eitt sinn gaf botninn í veltitankinum sig og sagði pabbi þá að hann væri búinn að vera svo lengi til sjós án veltitanks að viðgerð yrði ekki fyrr en í jólafríinu. Í næstu brælu var siglt frá Djúpavogi til Seyðisfjarðar þar sem vélsmiðjan þar gerði við botninn á tankinum. Sá gamli sagði að ekki væri hægt að vera lengur á skipinu svona.

Margar skemmtilegar sögur er hægt að segja frá þessu skipi. Engin ein er þó skemmtilegri en önnur en um borð í þessu skipi voru margir litríkir karakterar og þar má helst til nefna Kristján nokkurn Dýrfjörð. Þvílíkur meistari og það sem honum datt ekki til hugar að segja og gera. Eitt sinn mætir hann í borðsalinn með skilti um háls sér sem á stóð 1.000.000 kr. Sat hann með þetta skilti lengi vel. Ekkert fékkst upp úr honum hvað þetta ætti að þýða en að lokum þá sagðist hann hafa unnið millu í happadrætti.

*Dýrfjörð er dásamlegur
og dável í pipuna treður
Ég veit ei með sann
víst um þann mann
vakir hann eða sefur*



Ofi fengu ungiðin að koma með.

Leiðarlök.

Víðskipti | Morgunblaðið | 4.4.2001 | 7:16

Kaup Arney ehf.



Morgunblaðið

Setja bókamerki

Skinney-Þinganes hf. á Höfn í Hornafirði hefur keypt öll hlutabréf í Fiskverkuninni Arney ehf. í Sandgerði og hefur þar með eignast allar eigur félagsins.

Arney rak nótaveiðiskipið Arney KE og Skúm RE, sem er 12 tonna bátur, en átti auk þess 880 þorskígildistonn auk véla og tækja vegna fiskverkunar en ekkert húsnæði fylgdi með í kaupnum.

"Við hugsum þessi kaup fyrst og fremst til þess að efla starfsemi okkar á Hornafirði," segir Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Skinneyjar-Þinganes, en Arney hefur einkum verið gerð út á silð á sumrin og verið á netaveiðum á vetrarvertíðinni. Skipið landaði um 45 tonnum af blönduðum afla á Höfn í gær og fór þorskurinn, um 37 tonn, í saltvinnslu hjá Skinney-Þinganesi en afgangurinn á markað.



Í byrjun apríl 2001 kaupir Skinney-Þinganes hf á Höfn í Hornafirði Arney ehf. Allar eigur eru seldar nema fiskhúsið, skreiðarskemman og skemman á Iðavöllum í Keflavík sem voru þeirra einkaeignir. Og þar með er útgerðarsögu þeirra lokið fyrir fullt og allt.

Arney KE-50 fékk nokkur nöfn eftir að það var selt frá Arney ehf, Steinunn SF-10, Steinunn SF107, Hafursey VE-122, Sævík GK-257 og loks Sighvatur GK-57. Árið 2018 lét Vísir hf í Grindavík gera skipið upp af miklum myndarskap og er skipið nær óþekktanlegt í dag og í senn stórglæsilegt. Ég fór eitt sinn með þabba á rúntinn til að skoða skipið og var hann hæst ánægður með breytingarnar.



Lokaorð.

Farsælt og gott samstarf þeirra sem að útgerðinni komu er aðdáunarverð. Harkan og ósérhlífni sem þau sýndu er efni í margar bækur. Ég hef oft sagt að hafi þau á einhverjum tímamarki viljað taka út öll ógreidd laun þá hefði fyrirtækið aldrei staðið undir því.

Umhverfið sem þau bjuggu við var ekki alltaf þeim til hagsbóta. Fyrirgreiðslur í bönkum voru erfiðar þar sem taka þurfti dýr afurðalán því greiðslur fyrir afurðir vetrarvertíðarinnar komu oft ekki fyrr en á haustmánuðum. Eitt gott dæmi er að þau áttu gríðarlega mikið af peningum útistandandi sem myndu örugglega skila sér en fengu ekki fyrirgreiðslu til að kaupa nýja flatningsvél. Þetta var veruleiki hjá þeim þar til um 1990 þegar tíðari útskipanir urðu með breyttum verkunaraðferðum og tíðari greiðslum. Ég hef notið þess að skoða og gramsa í sögu Fiskverkunar Arneyjar. Það kom mér mikið á óvart hversu mikið og tímafrekt það er að skoða svona sögu. En fyrst og fremst mjög skemmtilegt og fræðandi. Ánægjustundirnar sem ég átti í spjalli við þá féлага, því miður í sitthvoru lagi er mér mikils virði. Oft rifjaðist upp fyrir manni minningarbrott eins og allar ferðirnar með Degi í vörubílum þar sem oft var gaukað að manni einhverju góðgæti. Eða ferðirnar til Reykjavíkur þar sem maður var hafður með sem hálfgerð vekjaraklukkan á þá féлага svo þeir myndu nú ekki sofna á leiðinni. Ferðirnar voru farnar í LÍÚ, SÍF og Skreiðarsamlagið til útréttingar. Mamma sagði oft að eini munurinn á að hafa þabba í landi eða úti á sjó væri að hún hefði þó bílinn þegar hann væri á sjó.

Vonandi hefur þú lesandi góður notið afrakstur þessara skrifa minna og orðið eitthvað fróðari.

En mér er efst í huga þakklæti til þeirra er stóðu að Fiskverkun Arneyjar fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessu ferðalagi með þeim og það traust sem þau sýndu mér í mínum störfum fyrir þau. Hvort sem var ofan eða neðansjávar sem og í landi.

Að lokum vil ég þakka Önnu minni fyrir þolinmæðina yfir öllum þeim tíma sem fór í þessi skrif og heimildaröflun. Einnig fyrir yfirlesturinn og samsetningu þessa skjals. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum og Degi fyrir allt það traust sem þau sýndu mér við störf mín hjá þeim. Sérstaklega vil ég þakka Degi fyrir allar þær upplýsingar sem hann hefur veitt mér við skrif þessi sem og trúmennsku og góðvild í minn garð. Einnig vil ég þakka vinkonu minni Önnu Lind Ragnarsdóttur fyrir yfirlesturinn.

Karl Einar Óskarsson (Kalli á Arney)

